

Gibba Gibb tilgáta Erla page 1 page 2

1. Eitt sinn fyrir ekki svo löngu, en ekki fyrir svo stuttu, á sveitabæ einum gerðist svolítið merkilegt.

Bærinn stóð þægilega mitt á milli frjósandi jökuls og risa haf og eff það var gott veður var hægt að sjá bæði.

2. Á bænum voru kýr og kindur, hestar og hænur, Jón bóndi, Sigga bóndakona og tvær telpur Dísa og Elfa og ekki má gleyma þrjár litlar kisur.

Allan daginn unnu þau á bænum og fengu Dísa og Elfa að hjálpa til.

3. Einn góðan vordag fæddist lítið lamb. Fyrst sá hún ekki neitt en fann fyrir mjúka grasinu, kalda loftinu og skínandi vor sólinni. En... hún fann ekki fyrir mömmu sinni.

4. Litla lambið var ekki lengi að opna augun og standa á lappir og skimast eftir mömmu sinni. Þarna hliðina á henni stóð ein ær.

Þarna er mamma!

5. En þegar litla lambið ætlaði að fá sér sopa, varð ærin reið og ýtti lambinu.

6. "HVAÐ ÞYKIST ÞÚ VERA AÐ GERA?!" æpti ærin.

"Ég vildi bara fá mér sopa mamma" tautaði lambið.

"Ég kannski fæddi þig, en ég vil ekkert með þig hafa! Snautaðu!"

7. Aumingja litla lambið...

Alveg alein í heiminum...

Hún fór að velta fyrir sér...

"Hvað gerði ég?"

"Gerði ég eitthvað rangt?"

"Vill mig enginn?"

8. Jón bóndi var ekki langt frá og sá hvað gerðist við litla lambið.

"Æi litla mín, voðalega áttu erfitt greyið, þú verður að hafa einhver til að annast þig"

9. Jón bóndi fór heim til að ná í stelpurnar sínar og gaf þeim nýtt mjög MJÖG mikilvægt verkefni... að gefa litla lambinu að borða úr pela, fara með hana út og elska hana.

10. Litla lambinu fór að líða aðeins betur þegar Dísa og Elfa fóru að vera með henni.

11. "Mér finnst eins og við ættum að gefa henni nafn" sagði Dísa

"Hvað með Gibba?"

"Gibba Gibb"

"Það er frábært nafn fyrir svo ljúft og gott lamb"

Litla Gibba Gibb!

12. Og með hverjum degi sem Gibba var elskuð, leið henni betur.

En það var alltaf eitt sem hún óskaði mest af öllu... að eiga mömmu.

13. Einn einn daginn voru Dísa og Elfa að mjólka kýrnar og Gibba fékk að koma með þeim í fjósið. Ein af þeim kúm var Rósalind.

14. Það var ekki langt síðan Rósalind kom á bæinn, hún var fínasta mjólkur kýr og ljúfasta skinn.

15. "Hey hvað ef við leyfum Gibbu að smakka mjólkina hennar Rósalindar?" spurði Dísa.

"Það gæti verið sniðugt!" sagði Elfa.

16. Dísa og Elfa gáðu hvort Rósalind myndi leyfa Gibbu að smakka og viti menn Gibba var farin að sjúga.

17. Rósalind leist svo vel á Gibbu og þegar Gibba spurði

“Ert þú nýja mamma mín”

18. “Ég skal vera nýja mamma þín...

og mun alltaf passa upp á þig sama hvað”

19. Gibba og Rósalind voru óaðskiljanlegar. Ef Rósalind fór út á tún... var Gibba ekki langt frá.

Allan liðlangann daginn hringsólaði Gibba í kringum Rósalind að leika sér og Rósalind elskaði það.

20. Jón bóndi var hins vegar þínu ósáttur. Þegar það kom að mjólka Rósalind þá var öll mjólkin búin því Gibba drakk hana alla.

21. Jón vildi fá að aðskilja þær og halda áfram að gefa Gibbu pela. Einn daginn þegar kýrnar fóru á beit tók Rósalind fljótt eftir því að Gibba var hvergi!

22. Hún leitaði og leitaði á túninu. “Gibba mín hvar ertu!?” “Mamma er hér!” “Komdu til mín!” Hún leitaði hátt og lágt, fór fram og tilbaka, hún spurði hestana og hæurnar, kurnar, kindurnar og allar hinar kýrnar en hvert sem hún fór var Gibbu hvergi að finna.

23. Þegar Rósalind hélt að hún hafði leitað alls staðar heyrði hún lítið jarm koma frá fjósinu. “Mamma!” “MAMMA!” “HVAR ERTU?”

Rósalind var ekki lengi að þeytast af stað í áttina að fjósinu.

24. Hún stefndi að girðingu og skurð en hún lét það ekki stoppa sig og STÖKK yfir hana og skurðinn og stefndi svo beint á fjósið.

25. Gibba jarmanði og jarmanði eftir mömmu sinni en var farin að verða döpur við að vera í burtu frá henni.

26. En það lifnaði fljótt yfir henni þegar hún heyrði Rósalind baulandi og baulandi fyrir utan fjósið, óðfús að komast inn.

27. Þegar Jón bóndi kom að fjósinu eftir að hafa séð Rósalind æða að því kom hann henni inn fyrir. Eftir að hafa stokkið yfir girðinguna hafði Rósalind slasað sig á maganum og spenunum og þurfti að kalla á dýralækni til að lækna hana.

28. En Rósalind var alveg sama um sárin sín, hún var bara fegin að hafa fundið Gibbu sína.

29. Eftir þetta atvik sá Jón bóndi að það væri ekki hægt að aðskilja þær, að þær voru með tengsl sem runnu dýpra en nokkuð annað.

30. Þær voru fjölskylda, og það tæki meira en girðingu, skurð og bændur til að stíga þær í sundur.